

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 646, 2. júlí 2007, um uppboðsmarkaði sjávarafla.

1. gr.

Fyrri málsliður 17. gr. orðist svo: Kaupandi skal greiða söluverð strax þegar afli hefur verið sleginn honum eða setja viðhlítandi ábyrgð fyrir greiðslu sem uppboðsstjóri metur gilda.

2. gr.

18. gr. orðist svo: Seljandi ber allan kostnað sem fellur á aflann fram að sölu þ.m.t. löndunar- og flutningskostnað en kaupandi ber áfallinn kostnað eftir sölu.

3. gr.

Fyrri málsliður 21. gr. orðist svo: Leyfishöfum er skylt að láta liggja frammi yfirlit yfir selt aflamagn hvers dags og verð þess.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 79, 24. maí 2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. ágúst 2007.*

F. h. r.

**Arndís Á. Steinþórsdóttir.**

*Þórður Eyþórsson.*